

## Umgengnisreglur

Umgengnisreglur Brynju leigufélags ses. eru jafnframt viðauki við alla leigusamninga félagsins

1. Leigjandi eða fólk á hans vegum skal ganga vel um eignina sem leigð er af Brynju, sameign og lóð. Leigjendur skulu frá 23:00 til 7:00 ekkert aðhafast í íbúðum, í sameign eða á lóð hússins, sem raskað getur heimilisfrið og svefnró annarra íbúa. Ávallt skal forðast háreysti í sameign.
2. Reykingar eru með öllu bannaðar í sameign hússins.
3. Dýrahald er bannað nema með leyfi. Sjá nánar í reglum Brynju um dýrahald.
4. Útidyr skulu jafnan læstar, sem og allar hurðir að sameiginlegum húsrýmum.
5. Ekki má skilja eftir fyrir útidyrum eða á gangvegum við húsið, vélknúin faratæki, reiðhjól eða annað, sem valdið getur truflun á aðkomu og umferð við húsið.
6. Óheimilt er að geyma muni, reiðhjól, barnavagna, fótabúnað eða annað það, sem veldur þrengslum, óþrifnaði eða óþrýði í sameigninni.
7. Í sameiginlegri reiðhjóla- og vagnageymslu er einungis heimilt að geyma reiðhjól og barnavagna, barnakerrur eða barnasleða. Þar má alls ekki geyma vélknúin ökutæki, né heldur vélhjól eða snjósleða.
8. Óheimilt er að hafa á svölum hluti, búnað eða nokkuð er valdið getur óþægindum, ónæði eða spillir útliti hússins eða heildarmynd þess. Óheimilt er að fóðra fugla í gluggum, svölum eða í sameign.
9. Leigjendur eru ábyrgir fyrir sameiginlegum skyldum sínum við þrif á sameign þar sem það á við.
10. Sorp skal flokka í viðeigandi tunnur og leigjendur skulu ganga vel um sorpgeymslu.
11. Í sameiginlegum bílastæðum má eingöngu geyma bíla á númerum.
12. Eingöngu má nota viðurkenndar hleðslustöðvar og búnað til að hlaða ökutæki og önnur rafknúin tæki.
13. Sé hið leigða í fjöleignarhúsi er leigjanda skylt að fara eftir húsreglum viðkomandi húsfélags.

Brot á þessum reglum geta varðað við riftun leigusamnings samkvæmt 61. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Reglur þessar tóku gildi þann 1. mars 2026 og verða endurskoðaðar eftir þörfum.